

Miðvikudaginn 23. janúar 1985.

Nr. 197/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Höskuldi Skagfjörð Sigurðssyni

(Brandur Brynjólfsson hrl.)

Bann við hundahaldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónson, Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Ágrip málgagna barst Hæstarétti 22. nóvember 1984.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkursvæðis um, að ákærði hafi sótt um leyfi til að halda á heimili sínu hund þann, sem ákært er fyrir í máli þessu, og verði umsóknin afgreidd 22. janúar 1985.

Samþykkt nr. 385/1984 um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur hefur nú leyst reglugerð nr. 61/1924 af hólmi. Samkvæmt 1. gr. hinnar nýju reglugerðar er hundahald bannað í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en samkvæmt 2. gr. hennar er borgarstjórn heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem þar búa, leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæminu með ákveðnum skilyrðum. Hvorki refsinaemi verknaðar né refsingu hefur verið breytt sökunaut til hags með hinni nýju reglugerð, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Síðari undanþága, þótt veitt yrði, breytir ekki refsinaemi verknaðar þess, sem hér er ákært fyrir.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sbr. nú 1. gr. og 7. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 385/1984, ber að staðfesta hann, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Höskuldur Skagfjörð Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brands Brynjólfssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 13. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 65/1984: Ákærvaldið gegn Höskuldi Skagfjörð Sigurðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali dagsettu 28. október 1983, gegn ákærða, Höskuldi Skagfjörð Sigurðssyni leikara, Hverfisgötu 23 í Reykjavík, fæddum 11. febrúar 1917 í Hofskerði í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, „fyrir að hafa, eftir dómsátt, sem gerð var við ákærða í sakadómi Reykjavíkur 20. október 1982, fyrir hundahald í Reykjavík, haldið hund þar áfram, án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hans varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingum, sem hér skipta máli, að því undanskildu, að hinn 20. október 1982 gekkst hann í sakadómi Reykjavíkur undir greiðslu 5.000 króna sektar fyrir brot gegn 65. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2, 1930 um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 21. desember 1982 sáu lögreglumenn, er voru á eftirlitsferð við Lindargötu, lausan hunda á gangi. Hljóp hann að húsi nr. 23 við Hverfisgötu. Er lögreglumenn komu þangað, hittu þeir ákærða. Hann kvaðst eiga hundinn.

Ákærði gaf skýrslu um mál þetta hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 21. janúar 1983. Hann kvaðst hafa haldið hundinn sl. tvö ár. Ekki kvaðst hann hafa hug á að losa sig við hundinn þrátt fyrir bann gegn hundahaldi.

Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af hundi ákærða hinn 9. mars og 15. júlí 1983. Í bæði skiptin voru teknar skýrslur af ákærða, og lýsti hann því þá yfir, að hann hefði ekki hug á að losa sig við hundinn.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt, að efni ákærunnar sé rétt. Með játningu hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæru-skjali og þar er rétt heimfært til refsíákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6.500 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði greiði 6.500 króna sekt til ríkissjóðs innna 4 vikna frá upp-kvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 28. janúar 1985.

Nr. 13/1984 **Bjarni Snorrason**

(Jóhann H. Níelsson hrl.)

gegn

Ingvari Helgasyni h/f og

(Ingi Ingimundarson hrl.)

Bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar h/f

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Fjárnám. Uppboð. Þinglýsing. Bifreiðaskráning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason og Gaukur Jörundsson prófessor.